

Alþingi  
Erindi nr. P 139/463  
komudagur 29.11.2010

Reykjavík 26.11.2010

Heilbrigðisnefnd Alþingis,  
b/t Þuríðar Backman formanns

**Umsögn Tóbaksvarnarráðs um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 41/2007, um landlækni, með síðari breytingum, og um brottfall laga nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð, vegna stofnunar nýs embættis landlæknis og lýðheilsu.**

Tóbaksvarnarráð starfar skv. lögum um Lýðheilsustöð og eru fulltrúar ráðsins skipaðir af heilbrigðisráðherra.

Lagt hefur verið fram á Alþingi ofangreint frumvarp og óskar Tóbaksvarnarráð eftir því að koma á framfæri athugasemdum vegna þess.


Samkvæmt frumvarpinu verður breyting á 15. grein Tóbaksvarnarlaga þannig að ákvæðið um að 0,9% af brúttótekjum ríkisins vegna tóbakssölu skuli varið til tóbaksvarna fellur niður. Þetta fyrirkomulag varðandi fjármuni til tóbaksvarna hefur verið lykilatriði í þeim mikla árangri sem náðst hefur í tóbaksvörnum á Íslandi þar sem tíðni reykinga hefur farið stíglækkandi ár frá ári. Ráðið telur að fastur tekjustofn til tóbaksvarna sé grundvöllur fyrir áframhaldandi árangri á þessu sviði. Hætta er á að ef frumvarpið verður að lögum, muni tími fagfólks fara í fjáröflun og minni tími verður til faglegs starfs. Það er fjöldi verkefna sem ráðið sér fyrir sér varðandi næstu skref í tóbaksvörnum, auk núverandi verkefna. Tóbaksvarnarráð lýsir yfir áhyggjum sínum varðandi þetta og telur grundvallaratriði að fé til tóbaksvarna verði tryggt eftir sem áður. Það er skoðun ráðsins að í ljósi árangurs í tóbaksvörnum hér á landi gæti þetta form á tekjustofnum verið til fyrirmyndar hvað varðar önnur verkefni á sviði lýðheilsu.

Óumdeilt er að tóbaksnotkun er stórkostlegt heilsufarsvandamál. Tengsl reykinga við hjarta- og æðasjúkdóma, lungnasjúkdóma, krabbameina og fjölda annara sjúkdóma eru sönnuð. Læknafélag Íslands lét reikna út áætlaðan samfélagskostnað vegna reykinga á síðasta ári. Þær tölur sýna að kostnaður vegna reykinga er um 30 milljarðar á ári umfram tekjur ríkisins vegna sölu tóbaks. Alþjóða heilbrigðismálastofnunin hefur í nýlegum skýrslum bent á mikilvægi þess að allar þjóðir heims ráðist til atlögu við heimsfaraldur þann sem tóbaksnotkun er. Á nýlegum aðalfundi Læknafélags Íslands var samþykkt aðgerðaráætlun í tóbaksvörnum á Íslandi sem ráðið tekur heilshugar undir.

Tóbaksvamarráð og verkefnisstjórar tóbaksvarna hjá Lýðheilsustöð óska eftir því að fá að koma fyrir heilbrigðisnefnd Alþingis til að ræða þetta mál.

Virðingarfyllt,

f.h. Tóbaksvamarráðs,

  
Sigríður Ólína Haraldsdóttir, formaður